

Bæjarstjórn - 403

FUNDARBOÐ

403. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 28. október 2021 og hefst
kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2110004F - Bæjarráð - 632**
Lögð fram 632. fundargerð bæjarráðs.
- 2. 2110003F - Safna- og menningarmálanefnd - 115**
Lögð fram fundargerð safna- og menningarmálanefndar nr. 115.
- 3. 2110002F - Velferðar- og jafnréttismálanefnd - 5**
Lögð fram 5. fundargerð velferðar- og jafnréttismálanefndar.

Erindi til kynningar

- 4. 2106002 - Fundargerðir félagsmálanefndar Snæfellinga**
Lögð fram opinber útgáfa fundargerðar 196. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga sem fram fór þriðjudaginn 4. október sl.
- 5. 2110008 - Starfsemi náttúrustofu Vesturlands**
Lagðar eru fram skýrslur um starfsemi Náttúrustofu Vesturlands 2019 og 2020 auk ársreikninga fyrir sömu ár.
- 6. 2006017 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands**
Lagðar fram fundargerðir frá fundum Heilbrigðisnefndar vesturlands nr. 169 og 170 ásamt verklagsreglum um númerslausar bifreiðar og fleira.
- 7. 1909042 - Fundargerðir stýrihóps um hönnun og framkvæmdir á HVE Stykkishólmi (Hjúkrunarrými Heilbrigðisstofnunar Vesturlands)**
Lögð fram 20. fundargerð stýrihóps um hönnun og framkvæmdir á HVE Stykkishólmi ásamt minnisblaði frá vettvangsheimsókn stýrihóps í Stykkishólmi þann 01.10.2021.
- 8. 2109020 - Umhverfismat tillögu að nýrri svæðisáætlun 2021-2032 fyrir suðvesturhornið**
Lögð fram tillaga að nýrri Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 sem tekur

til starfssvæðis fjögurra sorpsamlaga og 32 sveitarfélaga á suðvesturhluta landsins. Áætlunin er unnin af samstarfsvettvangi sorpsamlaganna á grundvelli samkomulags sem gert var 15. maí 2009, og á grundvelli samþykktar samstarfsvettvangsins frá 11. maí 2017. Bæjarráð fól bærarstjóra, á 631. fundi sínum, að semja drög að umsögn f.h. Stykkishólmsbæjar.

Bærarstjórn staðfesti, á 402. fund sínum, ákvörðun bæjarráðs og fól bæjarráði fullnaðarafgreiðslu á umsögn bæjarins.

Umsögn Stykkishólmsbæjar um sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi var lögð fyrir á 632. fundi bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkti framlagða umsögn bærarstjóra um sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

9. 2110001 - Menningarstefna Vesturlands 2021-2024

Lögð fram drög að endurskoðaðri menningarstefnu Vesturlands fyrir árin 2021-2024.

Á haustþingi SSV var ákveðið að vísa menningarstefnu Vesturlands til sveitarfélagana á Vesturlandi til samþykktar.

Safna- og menningarmálanefnd tók stefnuna til umfjöllunar á fundi sínum, nr. 115. Nefndin samþykkti stefnuna fyrir sitt leyti og lagði til við bærarstjórn að samþykkja hana.

Bæjarráð fangaði á 632. fundi sínum fyrirbyggjandi vinnu og lagði til við bærarstjórn að samþykkja Menningarstefnu Vesturlands.

10. 2006058 - Skipan í ungmennaráð

Samkvæmt 47. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar er ungmennaráð skipað sjö fulltrúum á aldrinum 14-24 ára og þremur til vara að fengnum tillögum frá nemendafélagi grunnskólans í Stykkishólmi, nemendafélagi Fjölbautaskóla Snæfellinga, ungmennafélaginu Snæfelli og æskulýðs- og íþróttanefnd, sbr. erindsbréf ungmennaráðs. Lagðar eru fram tilnefningar í ungmennaráð.

Á 632. fundi bæjarráðs lagði bæjarráð til við bærarstjórn að ungmennráð Stykkishólmsbæjar veturinn 2021-2022 verði skipað eftirtöldum:

Æskulýðs- og Íþróttanefnd -
Aðalmaður Emilía Ósk Olsen

FSN
Aðalmaður Heiðrún Edda Pálsdóttir
Aðalmaður Halldóra Margrét Pálsdóttir
Varamaður Ingimar Þrastarson

Snæfell
Aðalmaður Oddfreyr Atlason
Aðalmaður Helga María Elvarsdóttir
Varamaður Bjarni Þormar Pálsson

GSS

Aðalmaður Sigurður Mar Magnússon
Aðalmaður Tara Kristín Bergmann
Varamaður Ívar Leo Hauksson

11. 2110020 - Heildarskipulag Hólmgarðsins í Stykkishólmi - Framtíðarsýn og uppbygging

Lögð fram gögn um Hólmgarðinn í Stykkishólmi, minnisblað bæjarstjóra um garðinn og glærुकyning bæjarstjóra, sem hann kynnti á félagsfundi Kvenfélagsins Hringingsins í Stykkishólmi s.l. mánudag í samræmi við umfjallanir í fastanefndum bæjarins.

Í minnisblaði bæjarstjóra kemur fram að Hólmgarðurinn sé eini lystigarðurinn í bænum en samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu merkir orðið lyst: yndi, ánægju, löngun eða fýsn. Garðurinn á sér ríka sögu og gerir staðsetning hans í miðjum bæ hann að miðpunkti og mikilvægum stað í hjarta bæjarins - hann er bæði andrými fyrir einstaklinga, samkomustaður og hátíðarrými fyrir bæjarbúa, gesti og gangandi. Að margra mati er garðurinn orðinn heldur lúinn og þarfnast heildarskipulagningar/hönnunar sem tekur tillit til þarfa mismunandi notenda á mismunandi tímum. Í hönnunarferlinu verður unnið með Kvenfélaginu Hringnum og öðrum hagsmunaaðilum að því að skilgreina þarfir og finna lausnir í útfærslu sérstakra garðryma, aðstöðu, smábygginga og nauðsynlegra innviða o.fl. Í ferlinu kemur til greina, sé vilji til þess af hálfu Kvenfélagsins, að vinna sérstaklega með Kvenfélaginu að framtíðarsýn hvað Freyjulund varðar, t.d. ef fyrirhugaðar eru breytingar á notkun húsnæðis eða stækkun þess.

Með vísan til framangreinds og fyrirbyggjandi gagna leggur bæjarstjóri til að unnið verði heildarskipulag fyrir Hólmgarðinn í Stykkishólmi.

Bæjarráð samþykkti, á 632. fundi sínum, tillögu bæjarstjóra um að hefja vinnu við heildarskipulag fyrir Hólmgarðinn í Stykkishólmi í samræmi við fyrirbyggjandi minnisblað bæjarstjóra.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar.

12. 2110021 - Mönnun lögreglunnar á svæðinu

Lögð fram ályktun 5. fundar velferðar- og jafnréttismálanefndar þar sem nefndin lýsir þungum áhyggjum yfir mönnun löggæslu í sveitarfélaginu með tilliti til erfiðra félagslegra mála t.d heimilsofbeldi þar sem mikilvægt er að bregðast skjótt við. Nefndinni þykir þannig vegið að nærþjónustu samfélagsins.

Bæjarráð tók, á 632. fundi sínum, undir áhyggjur velferðar- og jafnréttismálanefndar og lagði áherslu á að lögreglunni ber að sinna grunnþjónustu samkvæmt 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 sem hún getur ekki sinnt sé lögreglumönnum fækkað á svæðinu eða mönnun sé ekki fullnægjandi. Þar ber hæst neyðarútkallsþjónustu og afbrotavarnir. Bæjarráð minnti á fyrirbyggjandi markmið lögreglunnar um viðbragðstíma og að tryggja þurfi nærveru lögreglunnar á þeim tíma og stað þar sem þörf er hverju sinni, sér í lagi um helgar. Þá minnti bæjarráð á frumkvæðislöggæslu lögreglunnar í ljósi aukningar ferðamanna að nýju.

Bæjarráð hefur skilning á því ef ekki fást lögreglumenn tímabundið til starfa á meðan að verið sé að auglýsa eftir starfskröftum, en mótmælti harðlega ef til stendur hjá lögreglunni að skerða grunnþjónustu á svæðinu og fer fram á að mönnun og þjónusta lögreglunnar í Stykkishólmi verði ekki skert þannig að lögreglan geti sinnt sinni mikilvægu grunnþjónustu.

Ályktun bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar.

13. 1910024 - Norðurljósahátíð

Norðurljósinn, menningarhátíð í Stykkishólmi, var fyrst haldin í Stykkishólmi í nóvember árið 2010 og hefur verið haldin annað hvert ár síðan, en hátíðin var sett á fót á vegum safna- og menningarmálanefndar Stykkishólmsbæjar eftir að bæjarstjórn tók ákvörðun um að fela nefndinni að stuðla að menningarhátíð í Stykkishólmi. Norðurljósahátíðin var haldin síðast árið 2018. Undanfarin ár hefur safna- og menningarmálanefnd tilnefnt aðila í norðurljósanefnda sem annast undirbúning hátíðarinnar. Norðurljósahátíðin verður næst haldin 2022.

Safna- og menningarmálanefnd lagði á til á 115. fundi sínum að Norðurljósahátíðin verði haldin dagana 20.- 23. október 2022. Safna- og menningarmálanefnd leggur jafnframt til að eftirfarandi aðilar sitji í Norðurljósanefnd: Kristjón Daðasaon, Hjördís Pálsdóttir, Nanna Guðmundsdóttir, Beata Kowalska og Þórunn Sigþórsdóttir sem starfsmaður.

Bæjarráð lagði, á 632. fundi sínum, til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu safna- og menningarmálanefndar.

14. 2011013 - Breiðafjarðarferjan Baldur

Lagðar fram ályktanir bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, dags. 12. mars 2021, og bókun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, dags. 29. mars 2021, um sama efni, ásamt bókun 402. fundar bæjarstjórnarfundar 30. september 2021 þar sem m.a. var óskað eftir upplýsingum frá Vegagerðinni um stöðu á vinnu við þarfagreiningu fyrir Breiðafjarðarferju sem Vegagerðin fól NAVIS ehf. að vinna að og hver séu næstu skref samgönguyfirvalda, en sá fundur var haldinn með fulltrúum sveitarfélaga við Breiðafjörð 26. október 2021. Þá er lögð fram ályktun 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið var á Ísafirði 22. og 23. október 2021 um Breiðafjarðarferjuna Baldur.

15. 2110010 - Gjaldskrár Stykkishólmsbæjar 2022

Lögð fram drög að gjaldskrár Stykkishólmsbæjar 2022 sem tekur mið af forsendum fjárhagsáætlunar 2022-2025 sem samþykkt var á bæjarráðsfundi nr. 631 og bæjarstjórn samþykkti í kjölfar.

Bæjarráð samþykkti, á 632. fundi sínum, gjaldskrár 2022 fyrir Stykkishólmsbæ og Stykkishólmshöfn og vísaði þeim til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

16. 2109010 - Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2022-2025

Lögð fram til fyrri umræðu fjárhagsáætlun ársins 2022 ásamt þriggja ára áætlun árunna 2023-2025.

Bæjarráð samþykkti, á 632. fundi sínum, fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar ársins 2022 ásamt þriggja ára áætlun áruna 2023-2025. Bæjarráð vísaði fjárhagsáætlun til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

17. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Minnispunktar bæjarstjóra lagðir fram til kynningar.

26.10.2021

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.